

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. nóvember 2011


**Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti allsherjarnefndar tillaga til þingsályktunar um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu 140. löggjafarþing 2011–2012, 26. mál.**

Þau verkefni sem íslensk lögregla og ákærvald fást við hefur á síðustu árum verið að færast meira til þess sem þekktist í nágrannalöndunum með aukinni hörku og skipulagðri glæpastarfsemi. Ástæðulaust er að ætla að það muni ganga til baka á komandi árum. Ríki Norðurlanda búa við mjög sambærilega löggjöf og fæst lögregla þessara landa um margt við sömu viðfangsefni.

Ákærendafélagið telur ástæðu til að kanna að hvaða marki er nauðsynlegt að færa löggjöf hér á landi til samræmis við löggjöf nágrannalöndanna. Fyrirmyndir að löggjöf má sækja og hafa verið sóttar til annarra Norðurlandanna enda eru það ríki sem byggja á sömu viðhorfum til persónu- og mannréttindaverndar og við viljum bera okkur saman við.

Að öðru leit er ekki gerð athugasemd við tillögu þessa.

F.h. Ákærendafélags Íslands,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður